

14. landsfundur Kvinnalistsans í Viðey:

Kastljós á skóla- og jafnréttismál

– viljum ræða samstarf við konur í öðrum flokkum, segir Kristín Halldórsdóttir

14. landsfundur Kvinnalistsans var haldinn um helgina í Viðey og var meginumfjöllunarefni hans möguleikar kvenna til áhrifa í sveitarstjórnnum og þeim málum sem næst konum standa, en kjörorð landsfundarins var að breyta orðum í athafnir. „Okkur fannst ástæða til að beina sjónum okkar að þeim málum og að leiðum og möguleikum á

að auka áhrif kvenna á sitt líf. Við tókum sérstaklega fyrir skólamál, jafnréttismál og fæðingarorlof og ræddum þau allitarlega en talsverð vinna hefur verið innt af hendi í þessum málaflokkum sem var kynnt og rædd í hópum á fundinum,“ segir Kristín Halldórsdóttir alþingiskona í samtali við DV.

Á landsfundinum var nokkuð

rætt um hvernig Kvinnalistsinn skuli standa að málum í sambandi við samstarf við aðra flokka eða stjórnmalahópa. „Við erum þeirrar skoðunar að Kvinnalistsinn geti ekki staðið þegjandi á lengdar. Við höfum verið fremur tortryggjar gagnvart upphrópunum um þörf fyrir samfylkingu þar sem minna er talað um samstillingu,“ segir Kristín Halldórsdóttir.

Í upphafi ársins efndu kvennalistakonur, að sögn Kristínar, til viðræðna við konur innan þeirra flokka þar sem uppstokkunar- og sameiningarhugmyndir eru hvað efstar á baugi. Rædd var staða kvenna í stjórnálum og hverju einhvers konar samstarf gæti skilað konum. „Við urðum fyrir vonbrigð-

um með undirtektir þá en nú finnst okkur mál til komið að ræða þetta betur og skiptast á skoðunum um það hvort samstarf af einhverju tagi geti fleytt umræðunni áfram og tryggt hugsjónum okkar og hugmyndum um kvenfrelsi meiri framgang,“ sagði Kristín Halldórsdóttir, alþingiskona Kvinnalistsans.

-SÁ


Elín Hirst á fundi hjá Kvinnalistanum:

Taldi listann tímaskekkju

Elín Hirst, fyrrverandi fréttastjóri, telur að boðun hennar á fund Kvinnalistsans í Norræna húsinu sl. föstudag hafi byggt á misskilningi. Hún óskaði ekki eftir að ræða málið frekar þegar DV hafði samband við hana í gærkvöldi.

Fundurinn var eins konar innangangur að 14. landsfundi Kvinnalistsans, sem lauk í Viðey í gærkvöldi, og var fundarefnið staða kvenna, hlutverk og ímynd í fjölmiðlum og kvikmyndum. Elín Hirst gagnrýndi harðlega áherslur og vinnubrögð Kvinnalistsans og í máli hennar kom fram að hún teldi Kvinnalistanum tímaskekkju og að árangur af tilveru hans og starfi frá upphafi væri harla lítil. Orð hennar féllu ekki í frjóan jarðveg á fundinum.

-SÁ



Elín Hirst í ræðustóli á fundi Kvinnalistsans í Norræna húsinu sl. föstudag. Elín lét í ljós þá skoðun að áhersluatriði og vinnubrögð Kvinnalistsans hefðu lítil skilað konum.

DV-mynd TJ

Yfirlýsing landsfundar Kvinnalistsans:

Orðin ein daga ekki

– sveitarstjórnarkosningar undirbúna

„Kvenfrelsiskonur hafa komist til valda í nokkrum sveitarstjórnnum og fengið þar tækifæri til þess að breyta orðum í athafnir. Þær hafa sýnt það og sannað að það er pólitískur vilji sem skiptir máli. Nærtækustu dæmin höfum við af vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem orðin ein eru ekki látin daga,“ segir í yfirlýsingu landsfundar Kvinnalistsans sem haldinn var í Viðeyjarstofu um helgina.

Í yfirlýsingunni segir að margt bendi til að uppstokkun sé fram undan í flokkakerfinu og Kvinnalistsinn hljóti nú sem fyrr að veða og meta hvaða leiðir skili kvennabaráttunni fram á veginn og hvort breyttar baráttuáferðir geti skilað meiri árangri. Minnt er á að nú stýtt í sveitarstjórnarkosningar en einmitt þá gefist tækifæri til að sækja fram og styrkja enn stöðu kvenna.

-SÁ